

Haraldur Ólafsson¹, Einar Magnús Einarsson¹, Jón Egill Kristjánsson² og Guðrún Nína Petersen³

- 1) Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði
- 2) Háskólanum í Osló
- 3) Háskólanum í Reading, Bretlandi

Íslandslægðin og röng spá um óveðrið mikla 8. janúar 2005 í Danmörku og S-Svíþjóð

Óveður skall á Danmörku og Suður-Svíþjóð 8. janúar 2005. Veðrinu var vel spáð með tveggja sólarhringa fyrirvara, en þriggja sólarhringaspáin var afleit. Þróun veðursins í þessum tveimur veðurspám er borin saman. Í ljós kemur að í röngu spánni er of lítið streymi af köldu lofti til suðausturs fyrir sunnan Hvarf á Grænlandi. Tengist það of grunnri Íslandslægð, en hún virðist vera of grunn í vitlausu spánni vegna þess að of lítið loft sigur úr efri loftlögum og þess í stað er of mikið aðstreymi af köldu loftið suður af Tóbínhöfða. Nýrri aðferð, svokallaðri ETKF greiningu er beitt, en með henni má greina svæði þar sem nákvæmar athuganir geta bætt veðurspár. Bendir ETKF greiningin til þess að einmitt á svæðinu milli Íslands og Grænlands hefðu betri athuganir skilað betri spá fyrir veður í löndunum við Norðursjó þremur dögum síðar.